

# KIRKJUGARÐARÁÐ

## 43. fundur haldinn 21. ágúst 2006 að Laugum í Sælingsdal.

**Mætt voru:** Ragnhildur Benediktsdóttir skrifstofustjóri og formaður ráðsins sem ritaði fundargerð, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Smári Sigurðsson, fulltrúi Kirkjuþings og Sigurgeir Skúlason starfsmaður ráðsins.

Með í för voru Guðmundur Þór Guðmundsson framkvæmdastjóri Kirkjuráðs og Hanna Sampsted og Torhildur Rúna Gunnarsdóttir, starfsmenn Biskupsstofu.

Lagt var af stað frá Biskupsstofu kl 9:30. Farið að Laugum í Sælingsdal þar sem snæddur var hádegisverður. Þar var síðan haldinn 43. fundur Kirkjugarðaráðs.

Eftirfarandi erindi voru rædd:

- 1. Erindi frá Geir Ágústssyni varðandi grafhýsi í kirkjugarðinum á Raufarhöfn**  
Óskað er eftir því að grafhýsið verði fjarlægð og að jarðneskar leifar þeirra sem þar eru grafnar verði grafnar annars staðar.

Kirkjugarðaráð samþykkti fyrir sitt leyti erindið með því fororði að fengin verði tilskilin leyfi frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti, viðkomandi héraðslækni og biskupi Íslands.

- 2. Erindi frá landbúnaðarráðuneytinu til sóknarnefndar Auðkúlukirkju en Kirkjugarðaráði var sent afrit af því**

Erindið fjallar um stofnun sérstakrar lóðar umhverfis kirkju, kirkjugarð og aðkomu að kirkju. Sigurgeir hefur teiknað lóð umhverfis kirkju og kirkjugarð eins og ráðuneytið og Kirkjugarðaráð leggja til að hún verði. Lagt fram til kynningar.

Eftir fundinn var ekið að Hvammskirkju. Þar tók á móti gestum sóknarpresturinn sr. Óskar Ingi Ingason. Hann sýndi fundarmönnum teikningar af fyrirhuguðum breytingum á umhverfi kirkjunnar og kirkjugarðsins.

Næsti viðkomustaður var Hjarðarholtskirkja, en þar hafði nýtt þjónustuhús verið blessað af biskupi Íslands deginum áður er biskup var þar að vísitara. Þar tóku á móti gestum sóknarnefndarformaður, Melkorka Benediktsdóttir, og Guðbrandur Ólafsson, gjaldkeri sóknarinnar, ásamt sóknarprestinum. Sóknarnefndarformaður lýsti byggingarsögu hússins og sýndi gestum kirkjuna.

Komið til Reykjavíkur um kl 18.00.

Ragnhildur Benediktsdóttir, formaður og ritari